Námsgrein: Textílmennt 5.-7. bekkur

Kennari: Dóra Fjóla Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2-3 klukkustundir á viku.

Kennsluaðferðir og skipulag: Í listgreinum er kennt í stöðvum þar sem nemendur eru í hverri listgrein í 8-11 vikur. Í textíl vinna nemendur tvö skylduverkefni yfir tímabilið. Þegar þeim er lokið þá hafa þeir frjálst val um önnur verkefni.

Námsmat: Símat, virkni og þátttaka í kenslustundum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur þjálfa sjónrænt og verklegt læsi með því að lesa og fylgja leiðbeiningum, túlka mynstur og tákn, sem styrkir skilning og tjáningu á fjölbreyttum miðlum.
Sjálfbærni	Nemendur læra að nýta efni á ábyrgðan hátt, endurnýta og huga að umhverfisvænum valkostum. Fjallað er um áhrif framleiðslu og neyslu á náttúru og samfélag.
Heilbrigði og velferð	Lögð er áhersla á jákvæða upplifun, þolinmæði og einbeitingu í skapandi vinnu, sem stuðlar að andlegri vellíðan og sjálfstrausti. Einnig er hugað að líkamsbeitingu og öryggi við vinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læra að vinna saman, tjá sig og virða skoðanir annarra. Þeir fá tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku varðandi eigin verkefni og vinnuaðferðir.
Jafnrétti	Allir nemendur fá jöfn tækifæri til þátttöku óháð kyni, uppruna eða hæfni. Fjallað er um hlutverk kynja í handverki og textíl í sögulegu og nútímalegu samhengi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa eigin hugmyndir og útfæra þær með fjölbreyttum aðferðum og efniviði. Sköpunargleði og frumleiki eru í forgrunni.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Verkefnalýsing	Hæfniviðmið/Markmið
5. bekkur • búa til óróa úr trjágrein og garni • prjóna tuskur • búa til nálapúða með útsaumsmynd	• Að nemendur sýni skapandi vinnu og mæli út hvernig þeir vilja skapa verkið, • Að nemendur læri grunninn í prjóni, • Að nemendur æfi sig enn frekar í útsaumi og að vinna við saumavél.
6. bekkur • sauma koddaver með útsaumsmynd • prjóna tuskur og/eða trefil	• Að nemendur dýpki kunnáttu sína í útsaumi og vinnu við saumavél. • Að nemendur haldi áfram að æfa sig að prjóna og kynnast ýmsum garntegundum og eiginleikum þeirra.
7. bekkur • sauma tösku með útsaum og skrauti • prjóna tusku og/eða trefil	• Að nemendur taki upp snið og saumi í saumavél og skapa með skrauti eftir eigin hugmyndum. • Að nemendur dýpki kunnáttu sína í prjóni.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

4 – Menntun fyrir alla
Að allir nemendur fái tækifæri til að kynnast textílhandverki og efla verklega færni. Verkefni, áhöld og stuðningur eru aðlöguð að þörfum nemenda eftir því sem við á.

12 – Ábyrg neysla og framleiðsla
Að nemendur læri að nýta efni vel, nota efnisafganga í ný verkefni og gera við fatnað. Þannig kynnast þeir leiðum til að draga úr sóun.